

Reykjavík, 5. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Háskólans í Reykjavík um tillögu til þingsályktunar um siðareglur í stjórnsýslunni, skv. beiðni dags. 12. mars 2002.

Háskólinn í Reykjavík er því fylgjandi að skoðaðar séu leiðir til að bæta siðferði innan stjórnsýslunnar og telur að setning formlegra siðareglna sé ein leið að því markmiði.

Starfsmenn Háskólans í Reykjavík hafa kynnt sér þingsályktunartillögu þá sem lögð hefur verið fram og óskum við eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:


- 1) Þekking á mannlegri hegðun segir okkur að reglur sem settar eru um hegðun manna eru líklegri til að hafa áhrif á hegðun og leiða til hollustu við reglurnar og ánægju með reglurnar ef þær eru *settar af viðkomandi einstaklingum eða hópum*, fremur en ef þær koma sem tilskipun að ofan. Reglur eru enn fremur líklegri til að hafa áhrif á hegðun ef þær hafa mjög skýra skírskotun til daglegra viðfangsefna og álitamála sem viðkomandi einstaklingar glíma við. Til að mynda eru siðferðileg álitamál fyrir þingmann nokkuð annars eðlis en siðferðileg álitamál fyrir starfsmann Tryggingastofnunar Ríkisins. ?
- 2) Í framhaldi af þessu teljum við *ekki* æskilegt að ein nefnd fái það hlutverk að setja reglur fyrir stjórnsýsluna alla. Ennfremur teljum við *ekki* að samtök opinberra starfsmanna séu réttur vettvangur fyrir samráð við starfsmenn. Þess í stað leggjum við til að gefin verði út stutt og mjög almenn viðmið fyrir stjórnsýsluna alla, en hver og ein stofnun fái síðan það hlutverk að setja sér nánari siðareglur sem miðast við aðstæður á hverjum stað. Þetta verði gert með því að skipa nefndir áhugasamra starfsmanna innan hverrar einingar, þar sem öll stjórnunarstig og allar deildir viðkomandi stofnunar eigi fulltrúa. Háskólinn í Reykjavík vinnur einmitt um þessar mundir að setningu siðareglna fyrir skólann, þar sem þessi leið hefur verið/er farin.
- 3) Í framhaldi af þessu teljum við að meginhlutverk nefndar sem ríkisstjórnin kann að skipa á þessum vettvangi hljóti að vera þríþætt. Í fyrsta lagi, að safna saman siðareglum sem settar hafa verið í stjórnsýslu annarra landa, bæði austan hafs og vestan, og koma þeim á framfæri, til dæmis með vefsetri sem allir starfsmenn stjórnsýslunnar hefðu aðgang að. Þar á meðal yrðu leiðbeiningar OECD og þær reglur sem aðildarríki OECD hafa sett í framhaldi af þeim. Í öðru lagi að ákveða hvaða hópar og stofnanir innan stjórnsýslunnar

skuli setja sér siðareglur, og hvert verði gildissvið þeirra. Í þriðja lagi, að gefa út almennar viðmiðanir um innihald siðareglna fyrir stofnanir og hópa, og miðla upplýsingum og leiðsögn til þeirra sem taka að sér að móta siðareglur á hverjum stað.

- 4) Eftirfylgni, viðurlög og ferli eru lykilatriði fyrir árangur í siðvæðingu vinnustaða. Á hverjum stað þar sem siðareglur eru settar þarf að ákveða (a) hvernig eigi að tilkynna brot á siðareglum, (b) hver séu viðurlögin við broti á þeim, og (c) hverjir séu „tilsjónarmenn” reglnanna, þ.e. beri ábyrgð á því að ákveðin viðurlög fylgi brotum á siðareglum. Reynslan sýnir að siðareglum er betur framfylgt ef valdamiklir einstaklingar innan þeirra eininga sem siðareglurnar setja, taka að sér að vera tilsjónarmenn eða „eigendur” þeirra, kynna þær og fylgja brotum á þeim eftir. Hvað varðar stjórnsýsluna gæti hugsast að aðilar á borð við forseta Alþingis og forstöðumenn ríkisstofnana tækju að sér þetta hlutverk tilsjónarmanna, en hvað stjórnarráðið varðar gæti tilsjónarmaður verið forsætisráðherra, og síðan hver fagráðherra fyrir sitt ráðuneyti og stofnanir þess.
- 5) Við tókum undir þá skoðun sem fram kemur í þingsályktunartillögunni að setning siðareglna hljóti að vera nátengd menntun starfsmanna og stjórnenda innan stjórnsýslunnar. Í því sambandi leggjum við ennfremur áherslu á að setning siðareglna er ekki eitthvað sem gert er í eitt skipti fyrir öll, heldur er um að ræða ferli sem byggist á stöðugri kynningu, umræðu og endurskoðun með reglulegu millibili.
- 6) Loks viljum við ítreka mikilvægi þess að siðareglur séu ekki birtar eða settar fram sem tæmandi upptalning, og einnig að þess sé gætt að þær skarist ekki við ákvæði laga, en slíkt kynni að valda mistúlkun á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir.

Við þökkum fyrir tækifærið til að veita umsögn um þingsályktunartillögu þessa, og hlökkum til að fylgjast með framhaldinu.

Viðingarfyllst, f.h. Háskólans í Reykjavík



Dr. Ásta Bjarnadóttir
Lektor í Viðskiptadeild